

Gammafundur haldinn þriðjudaginn 6. mars 2019 að Setbergsskóla í Hafnarfirði.

1. Formaður setti fundinn kl. 19:30 og bauð Gammakonur til fundarins.
2. Því næst var nafnakall sem Hildur Sk. framkvæmdi. Mættar voru 22 félagskonur: Árný, Björg, Björk, Bryndís Jóna, Elín, Fríða Bjarney, Gerður, Guðný, Hanna Halldóra, Helga H., Helga Th., Hertha, Hildur S., Hrefna Þ., Ingibjörg Ein., Jóhanna, Kristín B., Kristín J. kennslukona, María, Pálína, Rannveig, Renata.
3. Ritari las fundargerð frá fundi 4. febrúar, sem var samþykkt samhljóða.
4. Hrefna Þórarinsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún vakti máls á málefnum fatlaðra og hve það er oft erfitt og flókið fyrir aðstandendur að eiga mest allt undir utanaðkomandi hvað varðar umönnun barna sem og fullorðna.
5. Dagskrá fundarins var að þessu sinni helguð snjalltækjum í skólastarfi með áherslu á innleiðingu snjalltækja innan skólakerfisins í Hafnarfirði. Þær Bjarndís Fjóra Jónsdóttir, kennslufulltrúi í upplýsingatækni hjá Fræðslu- og frístundabjónustu Hafnarfjarðarbæjar, Hildur Ásta Viggósdóttir, verkefnastjóri UT mála við Setbergsskóla og Helga Magnúsdóttir, umsjónarkennari við Setbergsskóla voru með kynningu hver á sínu sviði. Mikil gróska er í Hafnarfirði varðandi notkun á snjalltækjum við kennslu og hefur verið mörkuð stefna um þennan málaflokk. Í hverjum skóla er ábyrgðarmaður varðandi innleiðingu og ráðgjöf fyrir kennara og áhersla en lögð fyrst og fremst á kennarana sem fylgja síðan sinni kunnáttu og færni til nemenda. Ráðgjöf og eftirfylgni er síðan fylgt eftir af skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og er Bjarndís Fjóra í því hlutverki í dag. Allar eru það sammála um að viðhorf stjórnenda er það sem ræður mestu um hvernig til tekst með að breyta kennsluháttum eins og t.d. með að nýta upplýsinga tækni við kennslu.
6. Gammakonur fengu síðan að ganga í kennslustofu þar sem búið var að setja upp margvísleg öpp og forrit sem þær fengu kynningu á og máttu prófa sjálfar að vild. Vakti margt sem í boði var fyrir börnin mikla athygli hjá Gammafélögum.
7. Kaffihlé þar sem notið var lystaukandi veitinga í boði Gammakvenna og umræður héldu áfram um framúrstefnulega kennsluhætti í Setbergsskóla.
8. Ingibjörg Einarsdóttir tók til máls og bauð Gammafélaga velkomna á lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar sem haldinn verður 5. apríl í Hafnarborg í Hafnarfirði.
9. Í lok dagskrár var Þorraprællinn sunginn með miklum tilþrifum. Formaður færði Bjarndísi Fjólu, Helgu og Hildi rauðar rósir fyrir þeirra framlag á fundinum. Sleit síðan fundi kl. 22:00 og slökkti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Ritari: Hildur Skarphéðinsdóttir